

VSÓ Ráðgjöf ehf
Sigríður Droplaug Jónsdóttir
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2014
Tilvísun: 201405030 / 4.2.1

Efni: Samgönguáætlun 2015-2026 og Fjarskiptaáætlun 2015-2026

Samgönguráð vinnur að gerð samgönguáætlunar og umhverfismati hennar skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar vinnur að gerð fjarskiptaáætlunar ásamt umhverfismati hennar. Lögð hefur verið fram til kynningar ein matslýsing vegna umhverfismats beggja áætlanna, dags. 20 maí 2014 og óskað eftir athugasemdum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matslýsingu, sbr. ákvæði um samráð við stofnunina í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 og bendir á eftirfarandi atriði sem stofnunin bendir á að höfð verði í huga við áframhald vinnu við áætlunina og umhverfismat hennar.

Í kafla 4.3 er fjallað um umhverfispætti. Athygli vekur að litið er á haf- og strandsvæði sem sértakan umhverfispátt, en miðað við nánari skýringar um áhrif áætlanna í töflu 4.1. virðist vera að þar sé verið að huga að áhrifum þeirra á umhverfi og náttúru. Spurning er hvort nauðsynlegt sé að aðskilja á haf- og strandsvæða umfram önnur svæði, s.s. hálendi eða þéttbýli.

Ef ætlunin er að greina sérstaklega frá áhrifum áætlanna á umhverfi og náttúru haf- og strandsvæða, bendir Skipulagsstofnun á að vegaframkvæmdir geta haft bein áhrif á strandsvæði, rétt eins og hafnarmannvirkir, sjóvarnir og siglingaleiðir.

Í töflu 4.3 er greint frá umhverfispáttum, gögnum, matsspurningum og viðmiðum. Skipulagsstofnun bendir á að frekari gögn vegna umhverfis og náttúru gætu verið fleiri, s.s. upplýsingar um Ramsarvæði, verndaráætlun Mývatns- Laxársvæðis og verndaráætlun Breiðafjarðar.



Rut Kristinsdóttir